

Vilhjálmur í mylnunni.

SAGA EFTIR ROBERT LOUIS STEVENSON.

MARGRÉT PRESTDÓTTIR.

Margrét dóttir prestsins var stúlka hér um bil nítján ára gömul þegar Villi var um þrítugt. Hún var fremur lagleg og miklu betur mentuð en nokkur önnur stúlka þar umhverfis, eins og sæmdi foreldrum hennar. Hún leit mjög mikið á sig og hafði neitað nokkrum giftingartilboðum, sem hafði orsakað henni álas nágrannanna. Þrátt fyrir það var hún væn stúlka, sem mundi hafa gert hvern mann ánægðan.

Villi hafði ekki oft séð hana, því þótt prestssetrið og kyrkjan væru að eins tvær mílur frá veitingahúsinu hans, fór hann þangað aldrei nema á sunnudögum. En svo vildi til að gera þurfti við húsakynninn á prestssetrinu; og presturinn og dóttir hans fengu húsnæði í veitingahúsinu hjá Villa um mánaðartíma, gegn niðursettri borgun. Þar sem Vilhjálmur hafði fengið veitingahúsið, mylnuna og talsverðar aðrar eigur, sem gamli malarinn hafði dregið saman, mátti hann heita efnaður; og þar að auki var hann orðlagður fyrir lundgæði og hyggindi, sem hvortveggja er mjög gagnlegt í hjónabandi; þeir sem voru prestinum og dóttur hans illviljaðir, sögðu að þau mundu ekki hafa kosið sér dvalarstaðinn með aftur augun. Vilhjálmur var allra manna ólíklegastur til að láta ginna sig eða hræða til að giftast. Maður þurfti ekki annað en að horfa í augu hans, björt og stöðug eins og kyrt vatn, en þó með einkennilegum glampa, sem virtist koma innanað frá, til þess strax að ganga úr skugga um að hann var maður, sem vissi hvað hann vildi og fylgdi því fast fram. Margrét var sjálf enginn aumingi eftir útliti að dæma, hún hafði stöðugt og ákveðið augnaráð og var kyrlát í framgöngu. Það var vafasamt hvort hún gæti ekki verið jafnoki Vilhjálms í stöðuglyndi, eða hvort þeirra mundi ráða meiru á heimilinu, ef til gift-